



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. P 138/2104
komudagur 10.5.2010

Allsherjarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. (réttarstaða skuldara), 510. mál.


Landssamtök lífeyrissjóða (LL) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Varðar breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti.

LL telja vart framkvæmanlegt að skuldari geti búið áfram í allt að 12 mánuði í húsnæði í eigu þrotabúsins, þar sem ljóst sé að ekki verður í reynd hægt að ljúka gjaldþrotaskiptum á þessum 12 mánuðum. Þá er í frumvarpinu ekki að finna neinar leiðbeinandi upplýsingar fyrir skiptastjóra við hvaða aðstæðu heimit sé fyrir einstakling að búa áfram í húsnæði þrotabúsins.

Varðar breytingu á lögum um nauðungarsölu.

Sömu sjónarmið um búseturétt í allt að 12 mánuði eiga einnig við varðandi breytingar á lögum um nauðungarsölu. Þá eru engar tryggingar fyrir hvers konar spjöllum á eigninni, eins og áskilið er í breytingum á lögum um gjaldþrotaskipti.

Virðingarfyllt
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon